

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, vegna breytinga í miðbæ Sveitarfélagsins Álftaness.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. janúar 2008 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, frá 20. desember 2002.

Gerðar eru tvær breytingar í greinargerð með svæðisskipulagi fyrir Sveitarfélagið Álftaness. Annars vegar er gert ráð fyrir að fjöldi íbúða í sveitarfélaginu verði 1.350 árið 2024 í stað 1.080 samkvæmt gildandi svæðisskipulagi. Hins vegar er gert ráð fyrir að fermetrar í atvinnuhúsnæði verði 48.000 árið 2024 í stað 28.000 m².

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 28. janúar 2008.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 13. febrúar 2008